

Lengi muna börnin

Verkefnabanki í landafræði fyrir nemendur á
yngsta stigi grunnskóla

Nafn _____

Heimili _____

Sími _____

Vinnustaður _____

Netfang _____

Erla María Andrésdóttir
María Sigurðardóttir

Formáli

Eftir mikla ígrundun um val á viðfangsefni í lokaverkefni við Kennaraháskóla Íslands var stefnan tekin á að útbúa verkefnabanka sem inniheldur fjölbreytt landafræðiverkefni fyrir nemendur í fyrsta og öðrum bekk grunnskóla. Ástæðan fyrir þessu vali er áhugi okkar á að fræða börn um Ísland og þær einstöku aðstæður sem við búum við hér á landi. Hugmyndir að verkefnum í verkefnabankann fengum við í gegnum nám okkar við Kennaraháskóla Íslands, frá öðrum kennum, af veraldarvefnum og frá vinum og ættingjum.

Markmiðið er að verkefnabankinn innihaldi fjölbreytt verkefni sem stuðla að alhliða þroska barna á þessum aldri og nýtist grunnskólakennurum á yngsta stigi við kennslu í landafræði.

Við ræddum við nokkra grunnskólakennara á yngsta stigi hvort áhugi væri fyrir verkefnabanka eins og þessum. Það kom fram að kennararnir kenna ekki mikla landafræði og að slíkur verkefnabanki væri vel þeginn því tímaskortur þeirra getur oft á tíðum verið mikill og því hentugt að grípa í þær handbækur og hugmyndabanka sem til eru. Af þessum ástæðum hófumst við handa við gerð verkefnabankans.

Við viljum þakka öllum sem veittu okkur aðstoð kærlega fyrir. Sérstaklega viljum við þakka Gunnhildi Óskarsdóttur fyrir frábæra leiðsögn, Steinunni Njálisdóttur fyrir yfirlestur greinargerðarinnar og Steinþóru Eir Hjaltadóttur fyrir yfirlestur verkefnabankans. Við viljum þakka Bryndísi Gísladóttur, Fanneyju Ómarsdóttur, Guðbjörgu F. Pálmarsdóttur og Ingibjörgu Soffiu Sveinsdóttur fyrir tímann sem þær gáfu okkur og góðar hugmyndir. Síðast en ekki síst viljum við þakka Auði Jónatansdóttur og nemendum hennar í 1. bekk AJ í Heiðarskóla, fyrir að vinna með okkur tvö verkefni úr verkefnabankanum og leyfa okkur að birta myndir af þeim í verkefnabankanum.

Erla María og María

Heimildir

- Ingvar Sigurgeirsson. 2007. „Ratleikur.“ Leikjavefurinn. <http://www.leikjavefurinn.is> [sótt 14. mars 2007.]
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999[a]. „Námsmat byggt á traustum heimildum.“ *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri*, bls. 147-170. Ritstj.: Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriáadóttir og Ólafur J. Proppé. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Að morgu er að hyggja*. Æskan ehf, Reykjavík.
- Ingvar Sigurgeirsson. 2007. „Hugmyndabanki fyrir mat á skólastarfi og námsmat.“ Heimasíða Ingvars Sigurgeirssonar. <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/matsbanki/welcome.htm> [sótt 15. apríl 2007.]
- Lilja M. Jónsdóttir. 1996. *Skapandi skólastarf*. Námsgagnastofnun, Reykjavík
- Mark Warner. 2007. „Map drawing skills.“ Teaching Ideas. <http://www.teachingideas.co.uk/geography/map.htm> [sótt 24. janúar 2007.]
- Ragnheiður Gestsdóttir og Ragnheiður Hérmanndóttir. 1995. *Það er leikur að læra*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- „Solar system model.“ [án árs.] Enchanted Learning. <http://www.enchantedlearning.com/crafts/astronomy/solarsystemmodel/> [sótt 7. mars 2007.]
- Wilkes, Angela. 2006. *Veröldin okkar*. Árni Árnason, Guðni Kolbeinsson og Sigrún Ástríður Eiríksdóttir íslenskuðu. Æskan ehf, Reykjavík.

Inngangur

Verkefnabankinn er námsgagn sem kennari á að geta nýtt sér við kennslu í landafræði á yngsta stigi grunnskólans. Í honum eru mörg verkefni sem krefjast fjölbreyttra vinnubragða og kennsluáferða.

Öll verkefnin hafa verið aðlöguð landafræðikennslu fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla og miðað var við þekkingu og getu meðal nemandna á þessu stigi. Verkefnin falla að öllum þroskabáttum barna og þrepamarkmiðum í landafræðikennslu fyrir fyrsta og annan bekk, úr aðalnámskrá grunnskóla (1999). Samþætting námsgreina er í hverju verkefni og tekst á við hin ýmsu markmið í íslensku, stærðfræði, myndmennt, handmennt og náttúrufræði.

Verkefnabankinn skiptist í tvo kafla:

Í fyrsta kaflanum eru þrjátíu og eitt verkefni. Þeim er skipt í þrjú undirflokk með þrepamarkmiðum í landafræði (1. og 2. þrep) í aðalnámskrá grunnskóla 1999. Innan þeirra eru felld saman verkefni með sömu markmið. Þessir undirflokkar eru *Kort og myndir*, *Nánasta umhverfi* og *Umheimurinn*. Kaflikiptingin auðveldar kennurum leið að verkefni sem eiga við ákveðin markmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Ítarleg verklýsing fylgir hverju verkefni: *Nafn verkefnis*, *þrepamarkmið* sem það á við, *hvaða námsgreinar* eru samþættar, *lýsing* á verkefni, *gögn* sem þarf að nota við framkvæmd verkefnis og að lokum, *til athugunar*, en þar eru tillögur settar fram um aðrar mögulegar útfærslur á verkefni.

Kafli tvö inniheldur tillögur að námsmati fyrir kennara, ýmis eyðufyllingarblöð eins og gátlista, matslista og marklista.

Við vonum að þessi verkefnabanki eigi eftir að nýtast grunnskólakennurum á yngsta stigi og komi að góðu gagni í landafræðikennslu.

Virkniathugun

Nafn	Sinnir verkefni	EKKI VIÐ VINNU	Annað / athugasemdir

Efnisyfirlit


Umheimurinn	51
Heimurinn minn	53
Hvæær var ég fædd/ur?	55
Tré	57
Afmælið mitt	59
Fötin mín	61
Dagur og nótt	63
Veðurkort	65
Veðurfræðingurinn	67
Umsjónarmaðurinn	69
Sólkerfið okkar	71
Þemaverkefni	72-75
Á ferð um Ísland	
Námsmat	76
Sjálfsmat á hópstarfi	80
Viðhorfakönnun/jafningjamat	81
Virkniathugun	82
Gátlisti fyrir mat á vinnubrögðum	83
Heimildir	84

Sjálfsmat á hópastarfi

Nafn: _____



Alltaf



Stundum



Aldrei

Ég tek þátt í verkefnum			
Ég vinn vel með öðrum			
Ég hlusta vel á aðra			
Ég er kurteis			
Ég vinn best ein/n			
Ég sækist eftir að vinna í hópi			

Kort og myndir



Gott námsmat á að kortleggja þekkingu, færni, getu og skilning. Verkefni í verkefnabankanum eru fjölbreytt og mörg þeirra samþættast list- og verkgreinum. Þegar meta á slík verkefni er gott að nota heildrænt námsmat (Authentic Assessment). Kjarni þess er að matið byggir að mestu á góðu skólastarfi þar sem nemendur fást við raunveruleg og krefjandi viðfangsefni þar sem áhersla er lögð á virkni nemenda þar sem þeir sýna hvað þeir kunna við eðlilegar aðstæður (Ingvar Sigurgeirsson 1999 [a]:149). Dæmi um nokkra þætti í heildrænu námsmati eru frammistöðumat, verkmöppur, vettvangsathuganir og samtöl við nemendur. Hér eftir eru afrit af hjálpargögnum sem kennari getur stuðst við þegar hann vill að námsmatið verði eins hlutlægt og kostur er.



Útsýni að ofan

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á því að hefð er fyrir því að láta stefnu í norður snúa upp á landakortum

Lýsing

Hver nemandi finnur hlut sem er inni í kennslustofunni, til dæmis yddara, blýant eða strokklæður. Nemandinn skoðar allar hlíðar hans vel og vandlega. Hann horfir niður á hlutinn og teiknar það sem hann sér.

Gögn

Pappír, skriffæri, litir og hlutur til að teikna.

Námsgreinar

Landfræði, myndmennt og stærðfræði.

Til athugunar

Hægt er að vinna þetta verkefni í paravinnu. Tveir nemendur vinna saman með einn hlut og hjálpast að við að skoða hlíðar hans og teikna hlutinn. Þetta verkefni má finna á slóðinni <http://www.teachingideas.co.uk/geography/map.htm>



Námsmat

Hugmyndir að matslistum, marklistum og gátlistum fengum við frá Lilju M. Jónsdóttur og Ingvari Sigurgeirssyni.

Hægt er að nálgast fleiri hugmyndir að slíkum hjálpargögnum á eftirfarandi stöðum:

-*Skapandi skólastarf (1996)*

e. *Lilju M. Jónsdóttur*

-*Að mörgu er að hyggja (1999)*

e. Ingvar Sigurgeirsson

-Á heimasíðu Ingvars á slóðinni:

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat>
matsbanki/welcome.htm

-*Fagleg kennsla í fyrirrúmi (2005)*

e. Árdís Ívarsdóttur, Hafdís Guðjónsdóttur og Matthildi Guðmundsdóttur.



Kort af kennslustofunni

(Útsýni að ofan er gott undirbúningsverkefni)

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á því að hefð er fyrir því að láta stefnu í norður snúa upp á landakortum

Lýsing

Kennari klippir út ferhyrninga sem tákn fyrir borðin í kennslustofunni, þríhyrning sem tákn fyrir tölvuna, hring sem tákn fyrir kennaraborðið. Kennarinn teiknar útlínur skólastofunnar á maskínupappír. Kennarinn kemur með þetta í tíma og leggur maskínupappírinn á gólfíð. Nemandur staðsetja táknin innan skólastofunnar og líma þau á maskínupappírinn.

Gögn

Útklippt form, lím og maskínupappír.

Námsgreinar

Landfræði, myndmennt og stærðfræði.

Til athugunar

Upplagt að vinna þetta verkefni í hópum. Þá gerir kennarinn nokkur eintök af maskínupappírnum og af formunum. Þetta verkefni má finna á slóðinni <http://www.teachingideas.co.uk/geography/map.htm>


Verkefni: Nemendum er skipt í 3 - 4 manna hópa. Nemendurnir búa til eldfjöll sem eru látin gjósa. Hver hópur fær hálf líttra plast flösku, leir og tréplötu.

1. Hver hópur lætur plastflöskuna á plötuna og setja leirinn utan um flöskuna. Passa verður að ekki sé sett fyrir stútinn á flöskunni.




2. Kennari aðstoðar hvern hóp við að setja efnaformúluna ofan í flöskuna.

Efnaformúlan: Nemendur setja 3-4 matskeiðar af matarsóða ofan í flöskuna. Best er að nota trekt en passa verður að hún sé alveg þurr. Nemendur bæta svo út í nokkrum dropum af uppþvottalegi og hálfum bola af vatni.



3. Þessi hluti getur orðið subbulegur því er mælt með hlífðarfötum og að þetta sé gert á útisvæði. Nemendur setja nú efnablönduna ofan í flöskuna sem mun fá eldfjallið til að gjósa. Nemendur setja nokkra dropa af rauðum matarlit út í hálfan bola af ediki, svo er edikinu hellt ofan í flöskuna í gegnum trektina og er hún fjarlægð strax. Fjallið mun nú gjósa.



Staður 2

Ísafjörður: Kennari sýnir nemendum mynd af Ísbirni á hafis og segir þeim að Ísbirnir ferðist stundum á hafis til Ísafjarðar. Kennarinn spyr svo nemendur hvað þeir vita um íslensk spendýr. Kennarinn skrifar þau atriði sem koma fram á flettistöflu. Kennarinn kemur með bækur með myndum af Ísafirði og af íslenskum spendýrum sem nemendur geta skoðað.

Verkefni: Hver nemandi velur sér eitt íslenskt spendýr og teiknar mynd af því.

Staður 3

Hallormstaðarskógur: Kennari byrjar á því að spyrja nemendur hvað þeir vita um Hallormstaðarskóg og íslenskar plöntur. Kennarinn skrifar á flettistöflu þau atriði sem koma fram. Hann kemur með bækur um íslenskar plöntur sem nemendur geta skoðað. Kennari fer með nemendur sína í vettvangsferð þar sem hver nemandi tínr blóm og kemur með þau í kennslustofuna.

Verkefni: Hver nemandi þurrkar blómin sín, leggur þau á milli tveggja blaða og setur þungan hlut, til dæmis stein, ofan á efsta blaðið. Nemendur búa til bókamerki með því að líma blómin á pappír og plasta þau inn. Bókamerkið á að vera langt og mjótt svo það passi inn í bækur.

Staður 4

Vatnajökull: Kennari sýnir nemendum mynd af Vatnajökli, til dæmis á landakorti. Hann spyr nemendur hvað þeir vita um Vatnajökul og skrifar þau atriði sem koma fram á flettistöflu. Hann ræðir við nemendurna um muninn á klaka, vatni og snjó.

Verkefni: Þetta er paravinna. Nemendurnir fá klaka, snjó og vatn í glasi. Þeir áætla fyrst hvaða glas sé þyngst og prófa svo að vigta glösin. Þar eftir setja þeir klaka og snjó í vatnið og athuga hvort þeir bráðna, þeir áætla fyrst.

Staður 5

Vestmannaeyjar: Kennari byrjar á því að spyrja nemendur hvað þeir vita um Vestmannaeyjar og skrifar þau atriði sem koma fram á flettistöflu. Hann ræðir við nemendur um eldfjöll og eldgos og sýnir þeim myndir af eldgosinu sem átti sér stað á Heimaey 1973 og Surtsey 1963.

Lofthmynd af kennslustofunni

(Kort af kennslustofunni er gott undirbúningsverkefni)

Markmið

Að nemandi:

-átti sig á því að hefð er fyrir því að láta stefnu í norður snúa upp á landakortum

Lýsing

Nemendum eru sýndar nokkrar lofthmyndir, til dæmis af skólanum. Hver nemandi teiknar lofthmynd af kennslustofunni.

Gögn

Pappír, skriffæri og litir.

Námsgreinar

Landafraeði, myndmennt og stærðfræði.


Til athugunar

Þetta getur verið einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Þetta verkefni má finna á slóðinni

<http://www.teachingideas.co.uk/geography/map.htm>

Dæmi um verkefni:



Útfærsla

Ferðavísir: Hver nemandi fær A3 blað. Hann teiknar og lítar kortamynd af Íslandi. Blaðið er brotið saman eins og vegakort (eins og harmonikkka). Kortamyndin á að vera á bakhlíð kortsins. Þegar kortið er brotið saman þá koma fram tíu hlutar. Nemandur teikna mynd á hlut nr. 10, því þar er forsiðan. Hver staður, sem nemandur fræðast um, fær einn hluta á kortinu.

1. Reykjavík	3. Hallorm- staðarskógur	5. Vestmanna- eyjar	7. Má bæta við	9. Bakhluti
2. Ísafjörður	4. Vatnajökull	6. Má bæta við	8. Má bæta við	10. Forsíða

Eftir að nemandur hafa fræðst um einn stað, teikna þeir mynd af staðnum og/eða skrifar nokkur orð um hann. Nemandur geta nýtt sér atriðin á flettitöflunni. Hver nemandi merkir einnig staðsetningu staðarins á kortamynd sína. Nemandur rifja upp áttatheitin fjögur þegar þeir merkja staðsetningarnar inn á kortamynd sína.

Hér eru dæmi um staði og verkefni:

Staður 1

Reykjavík: Kennari spyr nemandur hvað þeir vita um Reykjavík. Hann skrifar á flettitöflu þau atriði sem koma fram. Kennarinn ræðir við nemandur um höfuðborgina, forsetann, Bessastaði og íslenska fánann. Verkefnavinna hefst eftir umræðurnar.

Verkefnið: Hver nemandi saumar út íslenska fánann með krosssaumi. Hann fær ferhyrnt hörefni, stóra java nál og garn (rautt, hvítt og blátt). Nemandinn byrjar á því að teikna og lita íslenska fánann á hörefnið sitt og saumar hann svo út.

Á ferð um Ísland

Þemaverkefni

Markmið

Að nemandi:

- þjálfist í að greina hvað er líkt og hvað ólíkt við það hvernig fólk notar landið og við hvað fólk vinnur
- skoði hnattlíkan og þekki hvað er land og hvað sjór
- kynnist áttatheitum og læri að þekkja áttir á hnattlíkani
- þekki höfuðáttirnar fjórar og þjálfist í að rata eftir þeim
- átti sig á því að hefð er fyrir því að láta stefnu í norður snúa upp á landakortum
- kynnist mun á dreifbýli og þéttbýli
- átti sig á landfræðilegum áhrifum á mótun samfélags
- kynnist dæmi af því hvernig fólk hefur breytt umhverfi sínu

Námsgreinar

Landafraeði, íslenska, náttúrufræði, myndmennt, textilmennt og stærðfræði

Til athugunar

Kennari getur bætt við og breytt stöðum. Kennari getur svo útfært þemaverkefnið eftir sínu höfði.

Lýsing

Hver nemandi býr til sinn eigin ferðavísir um fimm staði á Íslandi. Staðirnir sem nemandinn fræðist um eru Reykjavík, Ísafjörður, Hallormstaðarskógur, Vatnajökull og Vestmannaeyjar. Nemandinn mun einnig gera fjölbreytt verkefni á hverjum stað. Áður en verkefnið er unnið fær kennarinn nemendurna til að hugsa um þann stað sem verið er að fræðast um og nefna það sem þeir vita um staðinn. Kennarinn skráir þessi atriði á flettistöflu. Nemendur geta notað þau atriði sem eru á flettistöflunni þegar þeir skrifafr upplýsingar um hvern stað í ferðavísirinn. Kennari sýnir nemendum staðsetningu staðarins á landakorti. Nemendur merkja staðsetningu hans inn á kortamynd sína. Kennari kennir nemendum áttarheitin fjögur og útskýrir að norður snýr upp á landakortinu.

Staðsetningarverkefni

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á því að hefð er fyrir því að láta stefnu í norður snúa upp á landakorti
- geti rætt um fjarlægðir í hugtökum eins og nær, fjær, lengra og styttra
- þekki höfuðáttirnar fjórar og þjálfist í að rata eftir þeim

Lýsing

Hver nemandi teiknar kort af því sem er í kringum hann í kennslustofunni. Hann byrjar að teikna hring á mitt blaðið og skrifar orðamyndina „ég“ inn í hringinn. Kennarinn sýnir nemendum hvar höfuðáttirnar fjórar eru og hvernig þeir eiga að horfa á blaðið (norður snýr upp). Hver nemandi teiknar ör sem bendir frá staðsetningu hans yfir á þá næstu (það getur verið sessunautur hans). Hann teiknar hring og skrifar nafn sessunautar síns eða teiknar mynd af honum inn í hringinn. Lengd örvarinnar sýnir hversu langt er í næstu staðsetningu. Nemendur gera þetta þar til þeir hafa skráð niður flestar staðsetningarnar sem eru í kringum þá í skólastofunni.

Gögn

Pappír, skriffæri og litir.

Námsgreinar


Landafraeði og stærðfræði.

Til athugunar

Mjög gott er að hafa umræðu um verkefnið þegar nemendur hafa lokið við það. Gott að fá þá til að rifja upp höfuðáttirnar fjórar með því að lýsa verkefni sínu, til dæmis getur Jón sagt að Nína sitji vinstra megin við sig eða vestan megin við sig. Þetta verkefni má finna á slóðinni <http://www.teachingideas.co.uk/geography/map.htm>

Nr 4. Nemandinn klippir reikistjörnur, Plútó og Sólina út í mismunandi lit af pappír. Þar sem þau eru misjafnlega stór er mikilvægt að nemandinn fái upplýsingar um stærð þeirra (sólín er stærst, Júpiter, Saturnus, Úranus og Neptúnus eru aðeins minni en Sólín, Merkúr, Jörðin, Mars og Venus eru minni en hinar reikistjörnur og svo er Plútó minnstur). Nemandinn teiknar hringina sem eru utan um Satúrnus.

Nr 5. Nemandinn límir band við hverja reikistjörnu, Plútó og Sólina. Annar endinn á að fara í gegnum gatið sem hann gerði á hringlótta pappírinn. Merkúr fer í innsta hringinn, Venus fer í hring nr 2, Jörðin í hring nr 3 og svo framvegis. Svo eru böndin límd við toppinn á pappírnum. Til að hengja sólarkerfið upp í loftið þá eru þrír bandspottar festir við toppinn á pappírnum og þeir sameinaðir við annan lengri spotta.



Gögn

Hringlóttur og þykkur pappír (á stærð við 12 tommu pizzu), litaður pappír (blátt, gult, rautt, appelsínugult, svart, fjólublátt), skæri, lím, band, litir og hringfari.

Námsgreinar

Landafraeði, myndmennt og stærðfræði.

Til athugunar

Það er góður texti í bókinni Veröldin okkar eftir Angelu Wilkies sem útskýrir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn. Það væri gott ef kennari fræðir nemendur um sólarkerfið á meðan þeir vinna verkefnið. Þetta verkefni má finna á slóðinni <http://www.enchantedlearning.com/crafts/astronomy/solarsystemmodel/>



Sólkerfið okkar

Markmið

Að nemandi:


-fái yfirsýn yfir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn

Lýsing


Hver nemandi býr til sólkerfið þar sem reikistjörnunar Merkúr, Venus, Mars, Jörðin, Júpiter, Satúrnus, Úranus og Neptúnus og hnötturinn Plútó eru sett í kringum Sólina.

Útfærsla:


Nr 1. Hver nemandi finnur miðjuna á hringlótta pappírnum með því að strika línu þvert yfir kartonið frá toppi til botns og frá hægri til vinstri. Miðjan er þar sem þessar tvær línur mætast. Sólin verður í miðjunni.



Nr 2. Nemandinn notar hringfara til að teikna fjóra hringi í kringum miðjuna, svo kemur smá bil á milli næstu fimm lína, þetta er sporbrautin, sem er leiðin sem reikistjörnurnar fara í kringum Sólina.



Nr 3. Nemandinn gerir göt á pappírinn á þeim stöðum þar sem reikistjörnurnar eiga að vera á sporbrautinni. Gott er að byrja á því að gera gat í miðjuna þar sem Sólin á að hanga.



Kort af umhverfinu

Markmið

Að nemandi:

-skoði loftmynd af heimabyggðinni

Lýsing

Kennari sýnir nemendum loftmynd af nánasta umhverfi skólans. Nemendur skoða myndina og virða fyrir sér þau form sem þeir sjá á myndinni. Hver nemandi fær blað og teiknar formin sem hann sér á loftmyndinni.

Gögn

Loftmynd af nánasta umhverfi skólans, pappír, skriffæri og litir. (glæra, glærupennar).

Námsgreinar

Landfræði og stærðfræði.

Til athugunar

Verkefnið er hægt að vinna sem einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Kennari getur einnig komið í kennslustund með eintak af loftmynd og eintak af glæru handa hverjum nemanda. Nemendur geta lagt glæruna yfir myndina og teiknað eftir þeim formum sem þeir sjá, á glæruna með glærupenna.

Þetta verkefni má finna á slóðinni <http://www.teachingideas.co.uk/geography/map.htm>



Umsjónarmaðurinn

Markmið

Að nemandi:

-átti sig á að í einu ári eru 12 mánuðir, að í einum mánuði eru 28-31 dagar og að í einum sólarhring eru 24 klukkustundir

Lýsingar

Kennari velur umsjónarmann vikunnar og hann hefur það hlutverk að segja frá fimm atriðum:

1. Hvaða dagur er í dag?
2. Hvaða mánaðardagur er í dag?
3. Hvaða mánuður er í dag?
4. Hvaða ár er í dag?
5. Hvaða árstíð er í dag?

Einnig segir hann frá því hvaða dagur var í gær og hvaða dagur verður á morgun.

Gögn

Pappír, litir og skriffæri.

Námsgreinar

Landfræði og íslenska.

Til athugunar

Gaman væri ef kennari teiknar hönd og klippir hana út og skrifar svo leiðbeiningarnar fimm á hvern fingur og hengir þetta upp þar sem nemandi sjá.

Þessa hugmynd fengum við frá Ingibjörgu Soffíu Sveinsdóttur grunnskólakennara



Bílabraut

Markmið

Að nemandi:

-búi til einfalt kort af nánasta umhverfi

Lýsing

Kennari kemur með maskínupappír í kennslustofuna og setur hann á gólfíð. Nemendur teikna vegakerfið sem er umhverfis skólann, þeir teikna hús, tré, götur og gangbrautir sem eru umhverfis skólann. Nemendur lita kortið og leika sér að aka leikfangabílum á því.

Gögn


Maskínupappír, skriffæri, litir og leikfangabílar.

Námsgreinar

Landafraeði og myndmennt.

Til athugunar

Verkefnið er hægt að vinna í paravinnu eða hópvinnu. Gott er að skipta nemendum í hópa eftir því hvar þeir búa umhverfis skólann. Nemendurnir sjá um að teikna götuna sína og leið sína í skólann. Í stað þess að nota leikfangabíla geta nemendur teiknað og klippt út sína eigin bíla.



Veðurfræðingurinn

Markmið

Að nemandi:

- viti hvaða breytingar árstíðaskipti hafa í för með sér fyrir daglegt líf hans s.s. klæðnað og leiki
- kunni að lýsa veðureinkennum árstíða og hvers má vænta á hverjum tíma

Lýsing

Í hverri viku velur kennarinn einn nemanda til að vera veðurfræðingur vikunnar. Það er í hans verkahring að kíkja út um gluggann og segja frá veðrinu á hverjum degi og segja hvernig best er að vera klæddur þegar farið er út.

Gögn

Engin.

Námsgrein

Landfræði og íslenska.

Til athugunar

Hægt er að útbúa vikutöflu eins og sagt var frá í verkefninu *Veðurkort* og veðurfræðingur vikunnar mun þá merkja viðeigandi veðurtdkn fyrir hvern dag. Þessa hugmynd fengum við frá Ingibjörgu Soffíu grunnskólakennara.



Leið mín í skólann

Markmið

Að nemandi:

- búi til einfalt kort af nánasta umhverfi sínu, t. d. leiðin í skólann og út í búð
- fari eftir leiðbeiningum þar sem notuð eru hugtök eins og áfram, aftur á bak, upp, niður, vinstri og hægri

Lýsing

Hver nemandi teiknar kort af leið sinni í skólann frá heimili sínu. Hann teiknar gangbrautir og götuljós ef þau eru til staðar. Kennari getur rætt við nemendur um umferðareglur. Nemendur kynna leið sína í skólann fyrir bekkjarfélögum.

Gögn

Pappír og skriffæri.

Námsgreinar

Landfræði, myndmennt og íslenska.



Veðurkort

Markmið

Að nemandi:

- kunni að lýsa veðureinkennum árstíða og hvers má vænta á hverjum tíma

Lýsing

Kennari býr til dagatal úr kartoni. Hann klippir út veðurtákn fyrir rigningu, rok, slyddu, snjókomu, sólskin, hvassviðri og þess háttar. Á hverjum degi er fylgst með veðrinu og viðeigandi veðurtákn sett fyrir hvern dag. Í lok skólaárs geta nemendur reiknað út hversu margir dagar voru með sólskini, snjókomu og svo framvegis.

Gögn

Þykkur pappír, skriffæri og veðurtákn.

Námsgreinar

Landfræði, myndmennt og stærðfræði.

Til athugunar

Kennari getur einnig fengið nemendur til að útbúa veðurtáknin og dagatalið. Þetta getur verið einstaklingsvinna, paravinna og hópvinna.

Hvar bý ég

Markmið

Að nemandi:

- skoði loftmynd af heimabyggðinni og geti þekkt einstök hús, t.d. húsið sem hann býr í og skólann
- þekki staði í nágrenni heimilis síns, s.s. heiti gatna, verslana, áa og fjalla
- geti rætt um fjarlægðir með hugtökum eins og nær, fjær, lengra og styttra.

Lýsing

Kennari sýnir nemendum kort af Íslandi. Í framhaldi fá þeir að sjá stækkað kort af heimabyggð sinni. Mjög gott ef hús þeirra sjást á kortinu, ef ekki þá er nóg að sjá götuheiti. Hver nemandi býr til flettimynd af húsinu sem hann býr í. Húsið skreytt að utan og fjölskyldan teiknuð inn í húsið. Húsin eru fest á vegg við hliðina á kortinu af heimabyggð nemendanna. Teygja/bandspotti notaður til að tengja hvert hús við rétt hús á kortinu. Hver nemandi setur númer á húsið sitt og kennari ræðir um sléttar- og oddatölur. Hann útskýrir að sléttar tölur eru öðrum megin en odda tölur hinum megin. Nemendur ræða; hver á heima hvar, hvað hver gata heitir, á hvaða staf byrjar hún, hver á heima næst skólanum, hver fjærst, hvort það sé langt í sundlaugina eða stutt í kirkjuna.

Gögn

Mynd af Íslandi, mynd af nánasta umhverfi, pappír, teygjur/bönd, skæri, litir og kennaratyggjó.

Námsgreinar

Landafraeði, stærðfræði, íslenska og myndmennt

Til athugunar

Hægt er að nálgast loftmyndir á tölvutæku formi hjá hverju bæjarfélagi fyrir sig. Myndir með götuheitum eru í símaskránni og hægt er að stækka í ljósritunarvél. Þessa hugmynd fengum við hjá Bryndísi, Fanneyju og Guðbjörgu grunnskólakennurum.



Ratleikur

Markmið

Að nemandi:

- geti farið eftir munnlegum leiðbeiningum og notað við það hugtök eins og áfram, aftur á bak, upp, niður, vinstir og hægri
- átti sig á því að hefð er fyrir því að láta stefnu norður snúa upp á landakorti
- þekki höfuðáttirnar fjórar og þjálfist í að rata eftir þeim

Lýsing

Áður en leikurinn hefst er nemendum skipt í litla hópa (2-3 í hópi). Gott er að velja í hópana eftir getu þeirra, þannig að í hverjum hópi eru nemendur með mismunandi getu. Gott er að hafa einn í hverjum hópi sem getur lesið og raða síðan í hópana eftir því. Þannig er tryggt að þeir geti bjargað sér með einfaldan lestur. Kennari er til aðstoðar ef upp koma vandamál með lesturinn. Hver nemandi innan hópsins fær hlutverk; einn með kortið, einn er með svarblaðið og skriffærin og einn les eða útskýrir fyrirælin.

Fjöldi stöðva er ákveðinn með tilliti til fjölda nemenda og staðsetningu leiksins. Hér er dæmi með 6 stöðvum. Eftir því sem leiksvæðið er minna því færri stöðvar eru. Bilið á milli stöðvanna ræðst einnig af rýminu og fjölda nemenda. Í upphafi er best að lið A fari á stöð nr. 1, lið B á stöð nr. 2 og svo framvegis. Þar eftir halda þau á næstu stöð það er að segja, A fer á stöð nr.2, B á stöð nr. 3 og svo framvegis.

Námsgreinar

Hægt er að samþætta allar námsgreinar í ratleik.

Dagur og nótt

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á að vegna snúnings jarðar skiptast á dagur og nótt

Lýsing

Þetta verkefni er unnið í paravinnu. Kennari kemur með blöðrur og vasaljós í kennslustund og skiptir þeim jafnt á milli nemenda. Nemendur blása blöðrurnar upp og binda hnút fyrir (kennari getur gert þetta áður). Einn nemandi heldur á blöðrunni og hinn á vasaljósinu. Kennarinn útskýrir að blaðran tákni jörðina og vasaljósið tákni sólina. Nemendurnir standa á móti hvor öðrum. Nemandinn sem heldur á vasaljósinu beinir ljósinu að blöðrunni á meðan hinn nemandinn snýr blöðrunni hægt í hringi. Kennarinn útskýrir fyrir nemendum að dagur er á því svæði sem lýstist upp af ljósgeislanum en nótt þar sem enginn geisli er.

Gögn

Vasaljós og blöðrur.

Námsgreinar

Landfræði.

Til athugunar

Hægt er að nota hnattlíkan og vasaljós, þá fær kennarinn tvo nemendur sér til aðstoðar og þeir sýna bekkjarfélögum sínum hvernig dagur og nótt skiptast við snúning jarðar. Þetta verkefni má finna í bókinni *Veröldin okkar* eftir Angelu Wilkies.

Útfærsla:

Stöð 1: Takið 10 hænuskref og horfið til hægri. Hvað sjáið þið? Teiknið mynd eða skrifið það sem þið sjáið.

Stöð 2: Gangið upp stigann og teljið hversu margar tröppur þið þurfið að ganga. Skrifið töluna á blaðið.

Stöð 3: Snúið í norður og gangið 15 skref áfram, leggist niður á gólf og horfið upp í loft. Hvað sjáið þið? Teiknið mynd eða skrifið það sem þið sjáið. (Hérna er mikilvægt að kennari sé búinn að kenna höfuðáttirnar og að norður snúi upp á korti, einnig er gott ef kennari merkir hvar áttin norður er á stöðinni).

Stöð 4: Hoppið 7 skref áfram, beygið til vinstri, gangið tvö skref aftur á bak. Á hverju standið þið? Teiknið mynd eða skrifið á hverju þið standið.

Stöð 5: Takið dropateljarann upp. Fyllið glasið til hægni af vatninu sem er í glasinu til vinstri með því að nota dropateljarann. Hversu oft fylltuð þið dropateljarann? Skrifið töluna á blaðið.

Stöð 6: Setjist á gólfið og flettið bókinni á blaðstá 10. Hvað heitir strákurinn í sögunni? Skrifið nafnið hans á blaðið.


Gögn

Ljósrit af korti sem nemendur fá af því svæði sem ratleikurinn mun fara fram, verkefni og myndrænar leiðbeiningar í A5 plastumslögum, skriffæri, svarblað, stöðvanúmer, dropateljari, tvö vatnsglös og bók.

Til athugunar

Mjög gott er að hafa aðstoðarmann á hverri stöð. Gott að búta ratleikinn niður og æfa hvern þátt fyrir sig, þar sem sumir hafa aldrei farið í ratleik áður og eru ekki færir um að taka á móti miklum upplýsingum í einu. Þennan leik má finna á www.leikjavefurinn.is





Fötin mín

Markmið

Að nemandi:

- viti hvaða breytingar árstíðarskipti hafa í för með sér fyrir daglegt líf hans, s.s. klæðnað og leiki

Lýsing

Beknum er skipt í hópa, þrír til fjórir saman í hópi. Hver hópur fær trefil, húfu, vettlinga, úlpu, regnajakka, sólhatt, sólgleraugu og það sem hentar hverri árstíð fyrir sig. Kennarinn segir einhverja árstíð og nemendur eiga að klæða sig eftir henni. Nemendur skiptast á að klæða sig í fötin. Hópurinn útskýrir síðan af hverju hann er klæddur svona. Sá hópur sem er fyrstur fær stig. Hægt að gera þetta nokkrum sinnum og sá hópur sem stendur uppi með flest stig sigrar.

Gögn

Föt.

Námsgreinar

Landfræði og hreyfing.

Til athugunar

Kennari verður að útskýra fyrir nemendum hversu mikilvægt það er að vinna vel með öðrum og þannig að séu mestar líkur á sigri.



Áttavitinn

Markmið

Að nemandi:

- kynnist áttatheitum og læri að þekkja áttir á hnattlíkani auk þess að kynnast hugtökum eins og miðbaugur, norður- og suðurpóll

Lýsing

Kennari sýnir nemendum hnattlíkan og útskýrir fyrir þeim höfuðáttirnar fjórar og segir þeim hvar miðbaugur er og hvar norður- og suðurpóll eru. Til að fá enn betri skilning sýnir kennarinn nemendum hvernig hægt sé að búa til einfaldan áttavita. Hver nemandi tekur saumnál og strýkur hana með segli og leggur nálina á sneið úr korktappa. Glas er fyllt af vatni og korktappinn með nálinni látinn ofan í glasið. Oddurinn á sumnálinni á alltaf að snúa norður. Nemendur gera það sama og kennarinn gerði. Til enn frekari útskýringar er hægt að láta nemendur búa til áttavitarós (sjá mynd). Hver nemandi teiknar hring og skiptir honum í fjóra hluta og merkir inn á norður, suður, austur og vestur. Hægt er að sýna þeim að sjálfur hringurinn er miðbaugur og þar sem norður er, er norðurpóll og þar sem suður er, er suðurpóll. Gott að bera áttavitarósina saman við hnattlíkanið.

Gögn

Hnattlíkan, saumnál, korktappi, glas, vatn, áttaviti, pappír og skriffæri.

Námsgreinar

Landfræði, stærðfræði og myndmennt.

Til athugunar

Nemendur hafa til hliðsjónar áttavita þegar þeir búa til sinn eigin áttavita. Hægt er að fá enn frekari útskýringar um áttavita í Skátahandbókinni.



Afmælið mitt

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á að vegna snúnings jarðar skiptast á dagur og nótt
- átti sig á að í einu ári eru 12 mánuðir, að í einum mánuði eru 28-31 dagar og að í einum sólarhring eru 24 klukkustundir

Lýsing

Kennari ræðir við nemendur um hvað það eru margir dagar í einu ári og einum mánuði. Einnig talar hann um hversu margar klukkustundir eru í einum sólarhring. Út frá þessu búa nemendur til afmældagatal bekkjarins. Hver nemandi skrifar sinn afmældisdag á blað og skreytir. Kennarinn fær blöðin og raðar myndunum í rétta röð og hengir upp á vegg, þannig er hægt að fylgjast með því hvenær hver á afmæli. Hægt er að láta nemendur teikna upp klukku og merkja inn á hana alla þá tíma sem þeim dettur í hug, eins og hvenær þeir vakna, borða, fara í skólann, eru búnir í skólanum, fara á æfingu og fara að sofa. Ekki eru allir sem kunna á klukku þannig kennarinn getur teiknað sína eigin klukku upp á töflu og merkt nokkur atriði inn á hana. Hver nemandinn getur fylgt honum eftir og merkt sín atriði inn á sína klukku.

Gögn

Pappír og skriffæri.

Námsgreinar

Landafræði, íslenska, stærðfræði og myndmennt.

Til athugunar

Nemendur geta einnig merkt mánuðina inn á klukkuna, til dæmis klukkan 1— janúar, klukkan 2—febrúar og svo framvegis.



Nánasta umhverfi



Tré

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á að í einu ári eru 12 mánuðir
- kunni að lýsa veður einkennum árstíða og hvers má vænta á hverjum tíma, t. d. að kalt er á veturna en heitara á sumrin, tré fella lauf á haustin en brum vex á ný á vorin

Lýsing

Kennari ræðir við nemendur um hvað öll tré eiga sameiginlegt. Kennarinn skráir hugmyndir þeirra á töfluna eða á flettistöflu. Kennarinn ræðir við þá um mánuði ársins, hvað gerist í hverjum mánuði og hvaða mánuður tilheyrir hverri árstíð fyrir sig. Hver nemandi býr til harmonikkubók, teiknar inn í hana tré og sýnir hvaða breytingar árstíðaskipti hafa í för með sér á þau. Út frá þessu geta nemendur sett trjágreinar í pott. Hægt er að skipta nemendum í hópa og hver hópur skreytir sína trjágrein eftir árstíð.

Gögn

Pappír (mismunandi gerðir) skriffæri, skæri, lím, efnisbútar og bómull.

Námsgreinar

Landafraeði, náttúrufræði, íslenska og myndmennt.

Til athugunar

Hægt er að láta nemendur líma greinar inn í harmonikkubókina og nota mismunandi efni til að búa til laufblöð og svo framvegis. Nemendur þurfa ekki að gera bók, hægt er að láta nemendur teikna fjögur tré á maskínupappír og skreyta þau eftir árstíðum (kemur mjög vel út með þekjultum). Hægt er að fara í vettvangsferð með nemendum og skoða tré og leyfa þeim að velja sér greinar. Þessa hugmynd fengum við í bókinni *Það er leikur að læra* eftir Ragnheiði Gestsdóttur og Ragnheiði Hermannsdóttur



Líkt og ólíkt

Markmið

Að nemandi:

- þjálfist í að greina hvað er líkt og hvað ólíkt við það hvernig fólk notar landið og við hvað fólk vinnur

Lýsing

Hver nemandi segir frá störfum foreldra sinna og hvaða störf hann þekkir. Kennarinn ræðir við nemendur um hvert starf, hvað þeir vita um hvert starf og hvar þessi störf eru til húsa. Kennari reynir að koma nemendum í skilning um að hvert starf skiptir máli. Kennari getur athugað hvort foreldrar nemenda vilja koma og segja frá sínu starfi. Út frá þessari umræðu býr hver nemandi til dúkkulísu og skreytir. Dúkkulísa nemandans sýnir við hvað hann ætlar að starfa þegar hann verður stór. Nauðsynlegt að nemendur fái að nota mismunandi efni, eins og garn og silki svo eitthvað sé nefnt, fyrir sína dúkkulísu. Kennari safnar saman dúkkulísunum og setur í bók eða hengir þær upp á vegg.

Gögn

Pappír, skriffæri, skæri og mismunandi efni eftir því sem við á hverju sinni.

Námsgreinar

Landfræði, íslenska, myndmennt og handmennt.



Hvencær var ég fædd/ur?

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á að í einu ári eru 12 mánuðir, að í einum mánuði eru 28–31 dagar og að í einum sólarhring eru 24 klukkustundir

Lýsing

Hver nemandi kemur með upplýsingar í skólann; hvaða mánaðardag hann fæddist, á hvaða degi og klukkan hvað. Kennari spyr hvern og einn nemanda um þessar upplýsingar og skráir þær hjá sér á töfluna, nemandinn gerir slíkt hið sama í sína bók. Kennari ræðir við nemendur um hvern mánuð, hvað það séu margir dagar í hverjum mánuði. Þegar kennarinn og nemendurnir eru búnir að skrá allar upplýsingarnar hjá sér finna þeir út hversu margir það eru í þekktum sem eiga afmæli í hverjum mánuði og hversu margir fæddust tiltekinn dag. Út frá þessu býr hver nemandi til fæðingarskírteini með upplýsingum um hvenær hann fæddist, eins og öll börn fá þegar þau fæðast. Gaman væri ef kennari gæti plastað þetta inn fyrir nemendur.

Gögn

Þykkur pappír fyrir fæðingarskírteinið og skriffæri.

Námsgreinar

Landfræði, stærðfræði, íslenska og myndmennt.

Til athugunar

Kennari býr til töflu með mánuðunum á sem nemandinn skrifar í sína bók. Taflan á að vera þannig að nemandinn þarf einungis að setja eitt strik, fyrir hvern afmælisdag, inn í hvern mánuð.



Einu sinni var

Markmið

Að nemandi:

- kynnist dæmi af því hvernig fólk hefur breytt umhverfi sínu, t.d. með því að leggja vegi, byggja hús, rækta land og grafa skurði

Lýsing

Farið er með nemendur í vettvangsferð um nánasta umhverfi. Kennari ræðir við þá hvernig byggðin var hér áður; engar götur, nokkur hús, mikið gras og það sem við á hverju sinni. Þegar í skólann er komið fær hver nemandi pappír í mismunandi lit og með mismunandi áferð. Nemendur búa til tvær myndir, önnur myndin sýnir hvernig umhverfið var einu sinni og hin myndin sýnir hvernig umhverfið er í dag. Þarna reynir á ímyndunarafi nemenda því þeir nota aðeins lím og skæri.

Gögn

Pappír, mismundi á lit og áferð, lím og skæri.

Námsgreinar

Landfræði, náttúrufræði, íslenska og myndmennt.

Til athugunar

Mjög gott ef hægt er sýna nemendum gamla mynd af umhverfinu sem þeir voru að skoða (þær breytingar sem hafa orðið).



Heimurinn minn

Markmið

Að nemandi:

-skoði hnattlíkan og þekki hvað er land og hvað sjór

Lýsing

Kennari skoðar hnattlíkan með nemendum og sýnir þeim hvað er sjór og hvað er land. Út frá þessu býr hver nemandi til sinn eigin hnött. Hver nemandi fær uppblásna blöðru og maskínupappír. Maskínupappírinn er rifinn niður í bíta og hver bútur lagður í veggfóðurslím og límdu á blöðruna. Hver nemandi þekur sína blöðru með nokkrum lögum af pappír og lími. Bláðran fær að þorna og er svo máluð. Fyrst er hún máluð blá eftir það málar nemandinn löndin inn á og þá verður til hnattlíkan.

Gögn

Hnattlíkan, bláðra, maskínupappír, veggfóðurslím, og málning.

Námsgreinar

Landfræði og myndmennt.

Til athugunar

Hægt að nota dagblöð í stað maskínupappírs.



Leið um landið

Markmið

Að nemandi:

- geti lýst því hvernig fólk ferðast t.d frá og til skóla, verslana eða vana og ættingja (t.d. með einkabíl, almenningsvagni, á hjóli eða gangandi)

Lýsing

Kennari ræðir við nemendur um það hvernig fólk ferðast milli staða til dæmis til Reykjavíkur, upp í sveit og til Vestmannaeyja. Hver nemandi teiknar flettimynd af því farartæki sem hann ferðast mest í, teiknar sig inn í farartækið og fleiri ef hann vill. Kennarinn sýnir nemendum kort af Íslandi og ræðir við þá hvernig ferðast megi um Ísland og hvert hægt sé að fara með flugvél, bát, rútu, hjóli eða gangandi. Kennarinn verður búinn að teikna kort af Íslandi á maskínupappír og nemendur teikna mismundi farartæki og skreyta og líma þau á kortið þar sem við á.

Gögn

Pappír, skriffæri, litir, skæri, og kennaratyggi.

Námsgreinar

Landfræði, myndmennt og íslenska.

Til athugunar

Nemendur geta sjálfir teiknað kort af Íslandi.

Umheimurinn





Orðaleikur

Markmið

Að nemandi:

-þekki staði í nágrenni heimilis síns, s.s. Heiti gatna, verslana, áa og fjalla.

Lýsing

Nemendum er skipt í fjóra hópa. Kennari spyr spurninga, um staði í nágrenni skólans. Sá hópur sem nær þjöllunni fær að svara. Ef hópurinn svarar rétt þá fær hann stig.

Gögn

Þjalla og spurningar um nágrenni skólans.

Námsgreinar

Landfræði og íslenska.



Ferðumst um landið

Markmið

Að nemandi:

- kanni hvernig lega landsins og hafið umhverfis það
- hefur áhrif á búsetu, samskipti og samgöngur við önnur lönd

Lýsing

Hver nemandi fær viðarplötu og býr til Ísland og hafið umhverfis það. Fyrst málar hann plötuna bláa og mótar landið. Trélími, sagj og örflítið af vatni er blandað saman (verður eins og bókunardeig þegar það er tilbúið) og þannig mótar nemandinn landið. Gott að teikna Ísland á blað og klippa það út og teikna eftir úrklippunni á viðarplötuna. Trélímið, sagið og vatnið sett inn í landið, látið borna og málað. Hægt er að búa til farartæki fyrir fólk til að komast á milli staða eins og skip, bíla og flugvélar. Farartækin geta verið úr frauðplasti eða korki. Nemendur mála landið og farartækin.

Gögn

Viðarplata, pappír, skriffæri, sag, trélím, málning, frauðplast og korkur.

Námsgreinar

Landafræði, myndmennt og handmennt.

Til athugunar

Nemendur geta búið til eitt stórt kort af Íslandi ef þeir vinna allir saman.



Sérfræðingurinn

Markmið

Að nemandi:

- þekki staði í nágrenni heimilis síns, s.s. heiti gatna, verslana, áa og fjalla

Lýsing

Kennari fer með nemendur í vettvangsferð um nánasta umhverfi þeirra. Hann fræðir þá um það helsta sem verður á vegi þeirra í ferðinni. Einnig getur kennari sýnt nemendum ár eða fjöll á landakorti. Þegar komið er aftur í skólann býr hver nemandi til bók um það sem hann lærði í ferðinni. Kennari ákveður hvaða viðfangsefni er tekið fyrir: götur, verslanir, ár eða fjöll. Kennari segir nemendum að nú séu þeir sérfræðingur á þessu sviði og að þeir eigi að setja allt sem þeir vita um efnið í eina bók. Sá sem ekki getur skrifað, teiknar og getur svo útskýrt fyrir kennara hvað myndin segir og kennarinn skrifar undir myndina. Ef nemandi getur skrifað þá teiknar hann líka mynd.

Gögn

Pappír, skriffæri og landakort.

Námsgreinar

Landfræði, náttúrufræði, íslenska og myndmennt.

Til athugunar

Bókina er hægt að gera úr A4 blöðum sem brotin eru í tvennt.



Arkitekt

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á að byggingar eru notaðar á ólíkan hátt, s.s. heimili, verslanir, verksmiðjur og kirkjur

Lýsing

Nemendum er skipt í fjóra hópa. Hópur 1 býr til ípróttahús, hópur 2 býr til skólastofu, hópur 3 býr til matsal, hópur 4 býr til sundmiðstöð. Kennarinn kemur með fjóra tóma kassa (kassarnar undan ljósritunarblöðunum eru góðir, þeir eru einnig með loki). Hver hópur fær einn kassa og á að innrétta hann. Nemendur nota pappír og allt sem þeim dettur í hug til að innrétta kassann sinn. Kennarinn reynir að hafa draskkassa með afgangspappír, efni, bréfastemum og þess háttar sem nemendur geta nýtt sér í innréttingar.

Gögn

Fjórir tómir kassar, efni, pappír, skriffæri, litir, skæri, bréfastemmur, spýtur (litlar), leir og fleina.

Námsgreinar

Landfræði, textílmenn, myndmennt, smíðar og stærðfræði.

Til athugunar

Þeim mun fleiri líkön þeim mun færri nemendur eru saman í hópi. Þessa hugmynd fengum við frá Ingibjörgu Soffíu grunnskólakennara



Hvar er ég

Markmið

Að nemandi:

- geti lýst því hvernig fólk ferðast t.d. frá og til skóla, verslana eða vana og ættingja (t.d. með einkabíl, almenningsvagni, á hjóli eða gangandi)

Lýsing

Kennari ræðir við nemendur um það hvernig fólk ferðast á milli staða, það eiga ekki allir bíl og hvað gerir maður þá? Eftir umræðurnar er farið í keppnisleik þar sem nemendur keppa tveir saman í hópi. Sá hópur sigrar sem fær flest stig.

Kennari leikur farartæki, færir sig úr stað og er með tilheyrandi hjóð. Áður en hann færir sig spyr hann spurningu varðandi umræðurnar sem áttu sér stað og gefur fyrirsmæli um hvað nemendur eigi að gera ef þeir vita svarið. Ef nemendur vita svarið framkvæma þeir fyrirsmælin og segja svarið. Til dæmis að stíga upp á stól og leika flugvél eða standa á tám og læðast, setjast á stól og þykjast vera í bíl eða í almenningsvagni, þykjast vera að hjóla og svo framvegis. Nemendur verða að gera vissa hreyfingu áður en þeir segja svarið.

Námsgreinar

Landfræði, íslenska og hreyfing.

Til athugunar

Mikilvægt að fyrirsmælin sem kennarinn gefur nemendum séu tengd hreyfingu og þeirri umræðu sem hefur átt sér stað. Mjög gott að brjóta daginn upp með svona leik.

Dreifbýli/péttbýli

Markmið

Að nemandi:

-kynnist mun á dreifbýli og péttbýli

-skilji að flest heimili eru hluti péttbýlis sem er mismunandi að stærð og lögun, t.d. þorp, bæir og borgir

Lýsing

Kennari ræðir við nemendur um muninn á dreifbýli og péttbýli og hvernig péttbýli og dreifbýli myndast. Út frá þessari umræðu er nemandum skipt í hópa, þrjár til fjórir saman í hópi. Hver hópur fær það verkefni að búa til þorp, bæ eða borg. Hóparnir búa til heimili og heimilisfólk fyrir hvern stað fyrir sig. Þeir búa til hús, fólk, bíla og dýr og það sem við á hverju sinni. Húsin geta verið úr skókassa eða kassa undan pappír. Hægt er að útbúa dúkkulísurnar, leyfa ímyndunarafli nemenda að njóta sín. Í lokin útskýrir hver hópur sitt verkefni fyrir bekkjarfélögum sínum með hjálp kennarans.

Gögn

Kassar, skæri, skriffæri og sá efniviður sem kennarinn ákveður að nota.

Námsgreinar

Landafraeði, náttúrufræði, íslenska, handmennt og myndmennt.

Til athugunar

Gott að vera með nógu fjölbreytt efni fyrir nemendur svo ímyndunarafi þeirra fái að njóta sín. Efni sem hægt er að hafa: Máning, gras, sandur, bómul og allt það sem kennara dettur í hug. Mjög gott að sýna nemendum myndir af péttbýli og dreifbýli.



Ferðamaðurinn minn

Markmið

Að nemandi:

- þekki örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni
- þekki örnefni stórra landforma í nágrenninu
- geti lýst hvernig fólk ferðast
- þekki staði í nágrenni heimilis síns
- þjálfist í að nota heimildir sem fjalla um fólk í ólíkum heimshlutum

Lýsing

Kennari skapar umræðu um ferðamenn, hvaðan þeir koma og hvað þeir geta gert á Íslandi. Kennari fær nemendur til að hugsa um heimabyggð sína og hvað ferðamaðurinn getur skoðað og gert þar.

Hver nemandi velur sér sinn eigin ferðamann og ákveður nafn, aldur, útlit, hvaðan hann er, hvað hann vill sýna honum í heimabyggð sinni og hvernig hann á að ferðast hér á landi. Nemandinn býr til dúkkulísu af ferðamanni sínum. Hann byrjar á því að teikna hann á pykkan pappír, klippir hann út og litar. Hver nemandi skrifar allar upplýsingar um ferðamanninn á búkinn hans. Nemendur segja frá ferðamanni sínum og ferðalagi hans.

Gögn

Pykkur pappír, skriffæri, litir, skæri, bækur og myndbönd af börnum frá öðrum löndum og landakort.

Námsgreinar

Landafraeði, íslenska og myndmennt.

Til athugunar

Nemendur geta einnig skrifað sögu um ferðalag ferðamannsins í stað þess að segja frá því.

Kennari getur komið með landakort, myndbönd og bækur um börn frá öðrum löndum og leyft nemendum að skoða. Kennari getur verið með umræðu um þessi börn og nemendur velja ferðamann sinn eftir umræðurnar. Þessa hugmynd fengum við frá Ingibjörgu Soffíu grunnskólakennara.

